

**Ed. 27. Frumvarp til laga [27. mál]**

um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánnum.

(Lagt fyrir Alþingi á 106. löggjafarþingi 1983.)

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánnum húsbýggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um frumvarp þetta, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjals hér á eftir.

**Fylgiskjal.**

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

**um heimild til niðurfellingar eða endurgreiðslu stimpilgjalda af íbúðalánnum.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Fjármálaráðherra hefur tjáð mér að í samræmi við samkomulag ríkisstjórnarinnar og lánastofnana sé nú unnið að því að breyta skammtímalánnum húsbýggjenda og íbúðakaupenda í lán til lengri tíma. Til að greiða fyrir þessari aðstoð beri brýna nauðsyn til að falla frá innheimtu stimpilgjalda af þeim nýju lánskjöllum sem gefa þarf út í þessu sambandi og tryggja þar með enn virkari árangur þessara aðgerða húsbýggjendum til hagsbóta.

Fyrir því eru hér með sett bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Þrátt fyrir ákvæði laga nr. 36/1978, um stimpilgjald, sbr. lög nr. 82/1980, er fjármálaráðherra heimilt að fella niður eða endurgreiða stimpilgjald af skuldbreytingarlánnum húsbýggjenda og íbúðakaupenda sem lánastofnanir kunna að veita í samræmi við samkomulag þeirra við ríkisstjórnina og stjórnarsáttmála hennar frá 27. maí 1983. Fjármálaráðherra kveður nánar á um framkvæmd niðurfellingar eða endurgreiðslu þessarar.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 6. september 1983.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Albert Guðmundsson.*